

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 1200/2016, um húsnæðisbætur.**

1. gr.

Tafla í 14. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

<i>Fjöldi heimilismanna</i>	<i>Frítekjumörk m.v. árstekjur</i>
1	6.365.773 kr.
2	8.466.478 kr.
3	9.866.948 kr.
4	10.694.499 kr.
5	11.585.707 kr.
6 eða fleiri	12.476.915 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 4. mgr. 17. gr. og 4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 30. gr. laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, öðlast þegar gildi og skal gilda frá og með 1. janúar 2026 um húsnæðisbætur sem greiddar eru vegna leigu íbúðarhúsnæðis frá og með þeim degi. Mismunur á þeim húsnæðisbótum sem umsækjandi á rétt til samkvæmt breyttum frítekjumörkum skv. 1. gr. og þeim húsnæðisbótum sem greiddar hafa verið vegna leigu íbúðarhúsnæðis í janúar og febrúar skal greiðast umsækjanda eigi síðar en 30. apríl 2026.

*Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 17. mars 2026.*

**Ragnar Þór Ingólfsson**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Hildur Dungal.*

\_\_\_\_\_  
B deild - Útgáfudagur: 1. apríl 2026